



# Framkvæmda- fréttir 13. tbl. /07



Ný brú yfir Gönguskarðsá á Þverárfjallsvegi norðan við Sauðárkrók 4. apríl sl. Verktaki er Mikael ehf. Samkvæmt útboðsauglýsingu á verki að vera lokið 15. júlí.

## Auglýsingar útboða

### Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2007, norðurhluti 07-045

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vinnslu steinefna á norðurhluta Norðaustursvæðis, árið 2007.

Helstu magntölur eru:

Efra burðarlag	4.000 m <sup>3</sup>
Klæðingarefni	6.000 m <sup>3</sup>
Malarslitlag	17.000 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. september 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu-  
deginum 30. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. maí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Yfirlagnir á Suðursvæði 2007-2008, klæðing 07-034

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði og Suðvestursvæði á árunum 2007 og 2008. Heildarlegnd yfirlagna er u.þ.b. 72 km.

Helstu magntölur eru:

Einföld klæðing

Árið 2007	205.000 m <sup>2</sup>
Árið 2008	250.000 m <sup>2</sup>

Tvöföld klæðing

Árið 2007	30.000 m <sup>2</sup>
Efra burðarlag	

Árið 2007	5.000 m <sup>3</sup>
-----------	----------------------

Verklök verkhluta eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu-  
deginum 30. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. maí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.


## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 13. tbl. 15. árg. nr. 467 30. apríl 2007

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar**

**Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða **vai@vegag.is**



Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-  
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,  
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum  
og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni  
sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til  
verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og  
fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



**Hringvegur (1), Grafarkot – Hraunsnef**  
 Í næstu opnu er auglýsing útboðs á endurbyggingu kafla Hringvegur (1) um Stafholtstungur í Borgarfirði. Þetta er 2. áfangi verksins en undanfarin ár hefur verið unnið að endubótum vestan við þennan kafla. Á loftmyndinni í þessari opnu má sjá mörk útboðs og legu nýs vegar miðað við núverandi veg.



Staða framkvæmda við Hédinsfjarðargöng 22. apríl 2007. Búið er að sprengja 1.407 m í Siglufirði og 1.160 m í Ólafsfirði.



Samtals er búið að sprengja 2.567 m sem er 24,3% af heildarlengd.

# Hreðavatnsskáli

## Auglýsingar útboða

### Hringvegur (1), Grafarkot – Hraunsnef 07-005

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í byggingu Hringvegur (1) á 9,3 km löngum kafla í Borgarbyggð. Umræddur kafla er frá Grafarkoti um Ólafarflóa, Grábrókarhraun, framhá Bifröst og Hreðavatnsskála að Hraunsnefi í Norðurárdal. Um er að ræða 8,5 m breiðan veg með tvöfaldri klæðingu,

Helstu magntölur eru:

Bergskering	60.000 m <sup>3</sup>
Grjótnám	12.000 m <sup>3</sup>
Efnisvinnsla	43.000 m <sup>3</sup>
Fylling og fláafleygar	120.000 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	245 m
Neðra burðarlag	19.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	24.000 m <sup>3</sup>
Kantsteinar	330 m
Eyjur með steinlögðu yfirborði	550 m <sup>2</sup>
Tvöföld klæðing	85.000 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa og svæða	160.000 m <sup>2</sup>

Útlögn slitlags á 3 km kafla skal lokið 15. september 2007.

Útlögn fyllingar á 1,2 km kafla (u.þ.b. 40.000 m<sup>3</sup>) skal vera lokið 1. október 2007.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 30. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14.00 þriðjudaginn 15. maí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Hringvegur (1) við Hreðavatnsskála

Á loftmyndinni í þessari opnu má sjá hvernig Hringvegur (1) mun liggja framjá veitingaskálanum sem kenndur er við Hreðavatn. Nú eru þarna tvær slæmar beygjur og blindhæð. Auk þess eru mörk vegar og bílastæða óljós. Nýr vegur verður með betri plan- og hæðarlegu. Athugið að myndin sýnir ekki nákvæmlega rétta innkeyrslu að veitingaskálanum. Endanlega útfærsla verður sennilega vegbreiddinni vestar. Einnig vantar á myndina tengingu að íbúðarhúsi sunnan vegar. Gamla samkomuhúsið verður rífið vegna þessara framkvæmda.

Grábrók





Vegagerð boðin út 23.04.07



### Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið

Í síðasta tölublaði var auglýst útböð nýbyggingar 30,6 km kafla Norðausturvegar milli Öxarfjarðar og Pistilfjarðar. Þessi vegur kemur í stað núverandi vegar sem liggur með ströndinni um Melrakkasléttu og einnig í stað sumarveggar um Öxarfjarðarheiði.

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar segir að tilgangur hennar sé:

- að styrkja samgöngur milli byggðakjarna á Norðausturlandi.
- að lágmarka akstursfjarlægð á milli fléttbýliskjarna og stuðla þannig að myndun eins þjónustusvæðis sem nær til Kópaskers, Raufarhafnar og Pórhafnar.
- að auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum á svæðinu með því að leggja veg með hönnunarhraða 90 km/klst.

*Framhald á næstu síðu:*



Nýr Norðausturvegur (85) um Hófaskarð. Tölvugerð mynd.

#### Framhald af síðu 7

Í útboðinu felst einnig gerð 28 m langrar brúar á Ormarsá og tveggja áningarstaða. Annar verður vestarlega á Hólaheiði en hinn austanvert í Hófaskarði. Teikningin hér í opnunni sýnir þann síðarnefnda.

Í útboðsgögnum er fyrirvari þar sem samningum við alla landeigendur er ekki lokið. Því verður ekki hægt að vinna við vestustu 15 km fyrir en eftir 15. júní 2008.

Verkinu á öllu að vera lokið 1. nóvember 2009.

## Auglýsingar útboða

Þessi auglýsing birtist fyrst í 11. tölublaði en er birt hér að nýju með breyttri dagsetningu á skiladegi tilboða.

### Akranesvegur (509), Esjubraut – Kalmansbraut 07-001

Vegagerðin, í samvinnu við Akraneskaupstað og Orkuveituna, óskar eftir tilboðum í að endurbyggja Akranesveg, á u.þ.b. 1 km kafla, milli Esjubrautar og Kalmansbrautar. Gera skal þrjú vegamót, þar af tvö hringtorg. Einnig skal færa til lagnir og jarðstrengi á svæðinu.


Helstu magntölur eru:

Skering.....	80.000 m <sup>3</sup>
Burðarlög.....	15.200 m <sup>3</sup>
Fylling.....	65.000 m <sup>3</sup>
Fláafleygar.....	18.500 m <sup>3</sup>
Malbik.....	15.000 m <sup>2</sup>
Hellulögn.....	1.300 m <sup>2</sup>
Hitaveitulagnir.....	350 m


Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðarinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi, Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn **15. maí** 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.









## Breikkun hringtorgs á Selfossi

Í 11. tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð á breikkun hringtorgs þar sem Hringvegur (1) fer um Selfoss við Ölfusárbrú. Teikningin hér í opnunni sýnir þessa breytingu.

Samkvæmt umverðartalningu árið 2005 er sumardagsumferð (SDU) um 17.200 bílar á sólarhring á Hringvegi um Selfoss. Umferð verður um vinnusvæðið allan verktímann og skal verktaki sjá til að hún gangi greiðlega. Heimilt verður að loka suðurakrein Austurvegar (Hringvegur) í 10 almanaksdaga og beina umferð um hjáleið. Verki skal að fullu lokið 1. júlí.





## Frá rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Vegagerðin veitir fjölda styrki til rannsóknaverkefna á hverju ári. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svo nefndu tilraunafé, sem er nú 1% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni fjögurra af þeim skýrslum sem komið hafa út og eru dagsettar árið 2006, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar ([www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

## Mæling á stöðugleika nýrra snjóalaga

Smíði á mælitæki sem auðveldar mat á stöðugleika nýrra snjóalaga, stutt greinargerð. Megin tilgangur með þróun snjósmælis, er að smíða verkfæri sem þolir að vera staðsett í upptakasvæði snjóflóða og gefur stöðugar upplýsingar um uppsafnað snjómagn með fjarskiptasambandi. Frumgerð tækisins hefur verið prófuð á Seljalandsdal.

## Húmusmæling

Samanburður á húmusmælingu með NaOH-aðferð og glæðitapsmælingu. Skýrslan fjallar um samanburð á mæliaðferðum til að meta magn lífrænna óhreininda í malarsýnum. Í fyrsta lagi svokölluð NaOH-aðferð (annars vegar hefðbundin aðferð og hins vegar skv. Evrópustaðli EN 1744-1) og í öðru lagi glæðitapsmæling. Mælingarnar voru ekki nægilega umfangsmiklar til að hægt væri að draga einhlítar ályktanir af niðurstöðunum. Þó bendir margt til að ekki þurfi mikið af lífrænum óhreinindum í malarefni til að efni falli á NaOH prófi skv. Evrópustaðli EN 1744-1.

## Ferðavenjur

Erlendir ferðamenn á Íslandi - þróun á ferðavenjum og áhrif á samgöngukerfi (hluti af verkefninu „Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða“). Markmið greinargerðarinnar er að taka saman yfirlit yfir þróun í ferðavenjum erlendra ferðamanna hérlendis. Fjölgun erlendra ferðamanna er mun hraðari en t.d. fjölgun landsmanna og vöxtur bílaumferðar síðasta áratuginn. Þrátt fyrir það munu ferðir þeirra um landið ekki hafa afgerandi áhrif til breytinga á samgöngukerfinu á allra næstu árum. En mikilvægt er að fylgjast með þróuninni til að geta gripið til viðeigandi ráðstafana ef þurfa þykir.

## Innleiðing matsáætlana

Mat á umhverfisáhrifum. Innleiðing matsáætlana. - Gæði og árangur -. Árið 2000 var með lögum gerð meginbreyting á framkvæmd mats á umhverfisáhrifum með innleiðingu matsáætlana. Skýrslan fjallar um mat á hvaða árangri innleiðing matsáætlana í matsferlið hefur skilað. Niðurstöður eru m.a. þær að líkur eru taldar á að tilkoma matsáætlana hafi aukið kostnað. Framkvæmdalýsingar eru e.t.v. of fyrirferðamiklar í matsáætlunum og matsáætlanir virðast ekki vera nýttar til að skipuleggja matsvinnu og skilgreina rannsóknþörf og gagnaöflun. Allir aðilar þurfa að taka matsáætlunarstigið alvarlega.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-061 Norðfjarðargöng borun rannsóknarholna	07
07-049 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Öxnadalshéiði	07
07-050 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suður-Pingeyjarsýsla	07
07-051 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norður-Pingeyjarsýsla	07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	07
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	07
07-054 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Firðir	07
07-055 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hornafjörður	07
07-048 Festun og yfirlögn, Norðaustursvæði 2007-2008	07
07-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2007-2008	07
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, breikkun vegar	07
07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skiopholt - Foss	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-028 Meðallandsvegur (204), Grenlækur - Fossar	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Þvottáskriður	07
07-016 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	07
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalssvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
07-034 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007-2008, klæðing	30.04.07 15.05.07

Auglýst útboð, framhald	Auglýst: Opnað:
07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hraunsnef	30.04.07 15.05.07
07-045 Efnisvinnsla Norðaustur- svæði 2007, norðurhluti	30.04.07 15.05.07
07-057 Vetrarþjónusta, Reykjanes - Bolungarvík, 2007-2010	23.04.07 08.05.07
07-042 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, malbik	23.04.07 08.05.07
07-041 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, repave	23.04.07 08.05.07
06-004 Norðausturvegur (85), Hólfaskarðsleið	23.04.07 15.05.07
06-073 Drangsnesevegur (645), Strandavegur - Reykjarnes	16.04.07 02.05.07
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	16.04.07 02.05.07
06-026 Skagafjarðarvegur (752), Héraðsdalsvegur - Svartá	16.04.07 02.05.07
07-001 Akranesvegur (509), Esbjbraut - Kalmansbraut	16.04.07 15.05.07 *
07-033 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007, malbik	16.04.07 02.05.07
07-032 Vetrarþjónusta í Vestur-Skafta- fellssýslu 2007-2012, austurhluti	16.04.07 02.05.07
07-027 Hringvegur (1) um Selfoss breikkun hringtorgs	16.04.07 02.05.07
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
07-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, norðurhluti, klæðing	02.04.07 17.04.07
07-022 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2007	02.04.07 17.04.07
07-029 Vetrarþjónusta í Vestur-Skafta- fellssýslu 2007-2012, vesturhluti	02.04.07 17.04.07
07-059 Yfirborðsmerkingar, vegmálun, 2007-2010	02.04.07 17.04.07
07-025 Efnisvinnsla Suðursvæði 2007	26.03.07 11.04.07
07-046 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, austurhluti, klæðing	26.03.07 11.04.07
07-006 Djúpvegur (61), Eyri - Svansvík	19.03.07 03.04.07
07-023 Hringvegur (1) um Hellu, 1. áfangi	19.03.07 03.04.07
07-056 Hringvegur (1), hringtorg við Pingvallaveg (36)	19.03.07 03.04.07
07-015 Norðausturvegur (85), Presthólar - Kópasker	19.03.07 03.04.07
Samningum lokið	Opnað: Samið:
07-058 Bakkavörn við Ása-Eldvatn Rósaberg ehf.	03.04.07 18.04.07
07-043 Efnisvinnsla Norðaustursvæði, 2007-2008, austurhluti Myllan ehf.	20.03.07 24.04.07
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur Ingileifur Jónsson ehf.	20.03.07 20.04.07

\* Í fyrstu auglýsingu útboðs var skiladagur tiltekinn 08.05.07. Það var ekki í samræmi við útboðsgögn sem tiltóku skiladag 15.05.07. Sú dagsetning er nú látin gilda og er ný auglýsing birt í þessu blaði.